

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2269  
komudagur 8. 5. 2012

## Athugasemd vegna Rammaáætlunar

Kolbrún Jóna Pétursdóttir [kolla@mitt.is]

**Sent:** 8. maí 2012 09:35

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

"Ég, **Kolbrún Jóna Pétursdóttir kt. 240268-5909**, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

Þar sem ég hef nýtt mér gönguleiðir svæðisins og farið mikið þarna um með öðrum get ég ekki með nokkru móti hugsað mér að það sé hróflað meira við þessum stöðum, Eldvörp eru í sérstöku upphaldi hjá mér og mínum og núverandi borhola með tilheyrandi látum og sjónmengum er bara alveg nóg.

Kolbrún Jóna Pétursdóttir  
Greniteigi 35,  
230 Keflavík  
421 4492 & 895 6492  
[kolla@mitt.is](mailto:kolla@mitt.is)